

Reykjavík, 14. nóvember 2018
R16050104
430

Borgarráð

Tillögur stýrihópsins Brúum bilið

Lagt er til að borgarráð samþykki neðangreindar tillögur stýrihópsins Brúum bilið sem fela í sér áætlun um uppbyggingu 700-750 leikskólarýma á næstu fimm árum svo bjóða megi öllum börnum 12 mánaða og eldri leikskólavist í Reykjavík fyrir lok árs 2023. Borgarráð samþykki jafnframt tillögu um stofnun stýrihóps sem hafi eftirlit með innleiðingu tillagnanna og þeim framkvæmdum sem þær kveða á um.

1. Leikskólarýmum verði fjölgað um 700-750 á næstu fjórum til fimm árum svo bjóða megi öllum börnum 12 mánaða og eldri leikskólavist í Reykjavík fyrir lok árs 2023.
2. Byggðir verði fimm nýir leikskólar á næstu 5 árum. Leikskólarnir verði staðsettir í Úlfarsárdal, við Kirkjusand, Njálsgötu, Vogabyggð og Skerjafjörð.
3. Viðbyggingar verði reistar við a.m.k. fimm leikskóla borgarinnar þar sem mikil eftirspurn er eftir leikskólarýmum. Viðbyggingar rísi við leikskólana Seljakot, Kvistaborg, Reynisholt og Hof auk leikskóla í Grafarvogi.
4. Nýjar leikskóladeildir verði opnaðar í færanlegu húsnæði á árinu 2019 við fjóra leikskóla þar sem eftirspurn eftir leikskólarýmum er mikil. Deildirnar verða við leikskólana Jöklaborg, Hof, Seljakot og Kvistaborg til viðbótar nýrri deild við leikskólann Mariuborg sem opnaði í haust.
5. Lokið verði við að setja á fót sérútbúnað ungbarnadeildir við alla borgarreikna leikskóla, sem hafa fjórar deildir eða fleiri á næstu 5 árum.
6. Formleg inntaka barna í leikskóla borgarinnar verði tvisvar á ári. Börn verði innrituð í leikskóla borgarinnar í ágúst/september eins og verið hefur en auk þess í janúar/febrúar ár hvert, þar sem eru laus leikskólarými og staða starfsmannamála leyfir. Eftir sem áður verði heimilt að taka inn börn á öðrum tímum ef leikskólarými losnar.
7. Stefnt verði að fjölgun barna hjá sjálfstætt reknum leikskólum og dagforeldrum í samstarfi við viðkomandi rekstraraðila. Á árunum 2018-2023 er stefnt að því að börnum í sjálfstætt reknum leikskólum fjölgi um allt að 166 til viðbótar þeirri fjölgun sem þegar er orðin á haustmánuðum 2018.

Kostnaðarmat stýrihópsins leiðir í ljós að fyrrnefnd uppbygging leikskólahúsnæðis kalli á 5,2 milljarða fjárfestingu á næstu fimm árum og er gert ráð fyrir þeirri fjárhæð í fjárfestingaráætlun Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið 2019-2023.

Samkvæmt kostnaðarmati stýrihópsins er gert ráð fyrir að árlegur viðbótar rekstrarkostnaður vegna fjölgunar leikskólarýma um 700-750 verði alls 1,3-1,4 ma.kr. á næstu fimm árum.

Greinargerð

Stýrihópurinn Brúum bilið var skipaður af borgarstjóra með erindisbréfi dagsettu 24. maí 2016. Hlutverk stýrihópsins var að gera tillögu að stefnu borgarinnar um næstu skref í verkefninu að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla, taka afstöðu til framsettra valkosta og gera uppbyggingar- og aðgerðaráætlun um hvernig vinna mætti að málinu á næstu árum. Stýrihópurinn tók mið af skýrslu starfshóps Reykjavíkurborgar frá 2015 um hvernig brúa mætti bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla, skýrslu starfshóps vegna þingsályktunar um leikskóla að loknu fæðingarorlofi (Mennta- og menningarmálaráðuneytið 2015), skýrslu um framtíðarstefnu um fæðingarorlofsmál (Velferðarráðuneytið) og skýrslu um innritum barna í grunnskóla oftan en einu sinni á ári (SFS 2015).

Stýrihópurinn skipaðu: Skúli Helgason formaður, Ilmur Kristjánsdóttir og svo í hennar stað Guðrún Alda Harðardóttir frá 24. nóvember 2016, Líf Magneudóttir, James Maddison, Jóna Björg Sætran og Kjartan Magnússon en Örn Þórðarson tók sæti þess síðastnefnda í hópnum í september 2016. Starfsmaður hópsins var í byrjun Hildur Skarphéðinsdóttir en Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir tók við af henni í september 2016.

Hópurinn skilaði áfangaskýrslu í janúar 2017 og hélt áfram störfum á árunum 2017 og 2018. Á þeim tíma var sérstaklega horft til uppbyggingaráforma í nýjum hverfum, viðbygginga við eldri leikskóla og möguleika á að opna ungbarnadeildir við starfandi leikskóla. Stýrihópurinn fór í 10 skipulagðar heimsóknir í leikskóla á fyrri hluta árs 2018 til þess að kanna aðstæður fyrir mögulegar ungbarnadeildir og ræða við stjórnendur um þeirra hugmyndir að ungbarnadeildum.

Tillögur stýrihópsins fela í sér áætlun um uppbyggingu 700-750 leikskólarýma á næstu fimm árum, samhliða þéttingu byggðar, svo bjóða megi öllum börnum 12 mánaða og eldri leikskólavist í Reykjavík fyrir lok árs 2023. Uppbyggingin felst fyrst og fremst í byggingu nýrra leikskóla en einnig í viðbyggingum og nýjum leikskóladeildum í færanlegu húsnæði við starfandi leikskóla borgarinnar, fjölgun barna í sjálfstætt starfandi leikskólum og áformum um fjölgun dagforeldra og styrkingu dagforeldraþjónustunnar. Þetta stóra og metnaðarfulla verkefni um uppbyggingu leikskóla í borginni útheimtir 5,2 milljarða fjárfestingu á næstu 5 árum og er gert ráð fyrir henni í fjárfestingaráætlun Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið 2019-2023.

Það er ljóst að nú við skil stýrihópsins Brúum bilið er mikið verk framundan við að fylgja eftir tillögum stýrihópsins og þeim viðamiklu framkvæmdum við uppbyggingu leikskóla sem nú fara í hönd. Vakta þarf vel framkvæmdir og tryggja eftir megni að áætlanir um tímasetningar og kostnað standist en jafnframt vinna tillögur um endurskoðun áætlana þegar nauðsyn krefur. Því er lagt til að stofnaður verði nýr stýrihópur sem fái þetta hlutverk og að í þeim hópi sitji þrjú kjörnir fulltrúar þ.e. tveir frá meirihluta og einn frá minnihluta borgarstjórnar. Auk þess starfi með stýrihópnum fulltrúar skóla- og frístundasviðs, umhverfis- og skipulagssvið og skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar. Starfstími hópsins verði til loka kjörtímabilsins í maí 2022 og verði við það miðað að nýr stýrihópur taki síðan við keflinu að loknum borgarstjórnarkosningum 2022.

11. nóvember 2018

Bref til borgarstjóra um skýrslu stýrihóps um Brúum bilið

Stýrihópurinn *Brúum bilið* sem hafði það hlutverk að leggja fram tillögu að stefnu borgarinnar um næstu skref í verkefninu að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla, var skipaður af borgarstjóra með erindisbréfi dagsettu af borgarstjóra 24. maí 2016.

Stýrihópurinn skipaðu: Skúli Helgason formaður, Ilmur Kristjánsdóttir og svo í hennar stað Guðrún Alda Harðardóttir frá 24. nóvember 2016, Líf Magneudóttir, Jóna Björg Sætran, James Maddison, og Kjartan Magnússon en Örn Þórðarson tók sæti þess síðastnefnda í hópnum í september 2016. Starfsmaður hópsins var í byrjun Hildur Skarphéðinsdóttir en Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir tók við af henni í september 2016.

Stýrihópurinn skilar nú niðurstöðum sínum; skýrslu og tillögum sem fela í sér áætlun um uppbyggingu 700-750 leikskólarýma á næstu fimm árum, samhliða þéttingu byggðar, svo bjóða megi öllum börnum 12 mánaða og eldri leikskólavist í Reykjavík fyrir lok árs 2023. Uppbyggingin felst fyrst og fremst í byggingu nýrra leikskóla en einnig í endurbótum, viðbótarhúsnæði og viðbyggingum við starfandi leikskóla borgarinnar, fjölgun barna í sjálfstætt starfandi leikskólum og áformum um fjölgun dagforeldra og styrkingu dagforeldraþjónustunnar.

Þetta stóra og metnaðarfulla verkefni um uppbyggingu leikskóla í borginni útheimtir 5 milljarða fjárfestingu á næstu 5 árum en þegar hefur verið gert er ráð fyrir henni í fjárfestingaráætlun Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið 2019-2023.

Það er ljóst að nú við skil stýrihópsins *Brúum bilið* er mikið verk framundan við að fylgja eftir tillögum stýrihópsins og þeirri viðamiklu uppbyggingu sem framundan er. Vakta þarf vel framkvæmdir og tryggja eftir megni að áætlanir um tímasetningar og kostnað standist en jafnframt vinna tillögur um endurskoðun áætlana þegar nauðsyn krefur. Því er lagt til að stofnaður verði nýr stýrihópur sem fái þetta hlutverk og að í þeim hópi sitji þrjú kjörnir fulltrúar þ.e. tveir frá meirihluta og einn frá minnihluta borgarstjórnar. Auk þess starfi með stýrihópnum fulltrúar skóla- og frístundasviðs, umhverfis- og skipulagssvið og skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar. Starfstími hópsins verði til loka kjörtímabilsins í maí 2022 og verði við það miðað að nýr stýrihópur taki síðan við keflinu að loknum borgarstjórnarkosningum 2022.

Lagt er til að borgarráð samþykki þær tillögur sem koma fram í skýrslu stýrihópsins og jafnframt tillögu um stofnun stýrihóps sem hafi eftirlit með innleiðingu tillagnanna og þeim framkvæmdum sem þær kveða á um.

Skúli Helgason, formaður stýrihóps um Brúum bilið

Erindisbréf

Stýrihópur um uppbyggingu leikskóla

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík

Hlutverk starfshópsins:

Í nóvember 2018 skilaði stýrihópurinn *Brúum bilið* af sér tillögum að uppbyggingu leikskóla í Reykjavík til ársins 2023, samhliða þéttingu byggðar, svo bjóða megi öllum börnum 12 mánaða og eldri leikskólavist í Reykjavík. Uppbyggingin felst fyrst og fremst í byggingu nýrra leikskóla en einnig í endurbótum, viðbótarhúsnæði og viðbyggingum við starfandi leikskóla borgarinnar, fjölgun barna í sjálfstætt starfandi leikskólum og áformum um fjölgun og styrkingu dagforeldrakerfisins.

Hlutverk stýrihóps um uppbyggingu leikskóla til ársins 2023 er að fylgja eftir framsettum hugmyndum, vakta vel framkvæmdir og tryggja að áætlanir standist bæði um tímalínur og kostnað ásamt því að vinna tillögur um endurskoðun áætlana þegar og ef forsendur breytast.

Stýrihópurinn skipa:

fulltrúi meirihluta, formaður

fulltrúi meirihluta

fulltrúi minnihluta

Starfsmaður hópsins:

fulltrúi leikskóladeildar skóla- og frístundasviðs

Til ráðgjafar og samstarfs:

fulltrúi skóla- og frístundasviðs

fulltrúi umhverfis- og skipulagssviðs

2 fulltrúar skrifstofu eigna og atvinnuþróunar

Stýrihópurinn leiti að auki ráðgjafar og samstarfs innan og utan borgarkerfisins hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu.

Starfstímabil:

Frá nóvember 2018 – maí 2022



Brúum bilið

skýrsla stýrihóps um að brúa bilið á milli fæðingarorlofs og leikskóla

nóvember 2018



Reykjavíkurborg

Skóla og- fristundasvið Reykjavíkurborgar

Kt.: 530269-7609
Borgartún 12-14
105 Reykjavík
Sími: 411 1111
www.skolarogfristund.is
sfs@reykjavik.is

Fulltrúar í stýrihópi:

Skúli Helgason formaður
Guðrún Alda Harðardóttir
Líf Magneudóttir
Örn Þórðarson
James Maddison
Jóna Björg Sætran

Ábyrgðarmaður: Helgi Grímsson

Starfsfólk skóla- og fristundasviðs sem kom að vinnu hópsins: Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, Guðrún Hjartardóttir, Róbert Rafn Birgisson, Daníel Benediktsson, Ásgeir Björgvinsson, Ásdís Olga Sigurðardóttir og Elísabet Helga Pálmadóttir

Starfsfólk umhverfis- og skipulagssviðs og skrifstofu eigna og atvinnuþróunar sem kom að verkinu:

Jón Valgeir Björnsson, Anna María Benediktsdóttir, Rúnar Gunnarsson, Guðlaug S. Sigurðardóttir og Haraldur Sigurðsson.

Efnisyfirlit

Helstu tillögur	5
Ávarp formanns stýrihóps	6
Inngangur	7
Fjöldi barna í leikskólum og fjöldi starfsstaða	7
Tillögur hópsins	8
Mat á rekstrarleyfum og staða biðlista	12
Fjöldi barna í leikskólum í heild	12
Uppbyggingarsvæði eftir borgarhlutum í Reykjavík.....	13
Tímaás uppbyggingarsvæða	13
Meðaltalsfjöldi 1-5 ára barna á íbúð eftir borgarhlutum í Reykjavík	13
Flokkun íbúða á uppbyggingarsvæðum.....	13
Spá um fjölda 1-5 ára barna á uppbyggingarsvæðum eftir borgarhlutum	14
Vesturbær.....	15
Miðborg.....	16
Hlíðar	17
Laugardalur.....	18
Háaleiti/Bústaðir.....	19
Breiðholt.....	19
Árbær.....	20
Norðlingaholt.....	20
Grafarvogur	21
Grafarholt	21
Úlfarsárdalur.....	22
Kjalarnes	22
Spá um fjölda barna á aldrinum 1-5 ára og barna í leikskólum í Reykjavík.....	22
Sjálfstætt starfandi leikskólar	24
Ungbarnadeildir og ungbarnaleikskólar	24
Reynslan af ungbarnadeildum.....	25
Af hverju ungbarnadeildir?.....	25
Innritun barna í leikskóla tvisvar sinnum á ári.....	26
Mönnun starfa í leikskólum.....	26
Dagforeldrar	27
Kostnaðarmat tillagna	28
Fjárfestingaáætlun	28

Fjárhagsáætlun.....	28
Niðurlag.....	28
Heimildir.....	29
Fylgiskjal.....	30

Helstu tillögur

1. Leikskólarýmum verði fjölgað um 700-750 á næstu fjórum til fimm árum svo bjóða megi öllum börnum 12 mánaða og eldri leikskólavist í Reykjavík fyrir lok árs 2023.
2. Byggðir verði fimm nýir leikskólar á næstu 5 árum. Leikskólarnir verði staðsettir í Úlfarsárdal, við Kirkjusand, Njálsgötu, Vogabyggð og Skerjafjörð.
3. Viðbyggingar verði reistar við a.m.k. fimm leikskóla borgarinnar þar sem mikil eftirspurn er eftir leikskólarýmum. Viðbyggingar risi við leikskólana Seljakot, Kvistaborg, Reynisholt, Hof og leikskóla í Grafarvogi.
4. Nýjar leikskóladeildir verði opnaðar í færanlegu húsnæði á árinu 2019 við fjóra leikskóla þar sem eftirspurn eftir leikskólarýmum er mikil. Deildirnar verða við leikskólana Jöklaborg, Hof, Seljakot og Kvistaborg til viðbótar nýrri deild við leikskólann Maríuborg sem opnaði í haust.
5. Lokið verði við að setja á fót sérútbúnað ungbarnadeildir við alla borgarrekna leikskóla, sem hafa fjórar deildir eða fleiri, á næstu 5 árum.
6. Formleg inntaka barna í leikskóla borgarinnar verði tvisvar á ári. Börn verði innrituð í leikskóla borgarinnar í ágúst/september eins og verið hefur en auk þess í janúar/febrúar ár hvert, þar sem eru laus leikskólarými og staða starfsmannamála leyfir. Eftir sem áður verði heimilt að taka inn börn á öðrum tímum ef leikskólarými losnar.
7. Stefnt verði að fjölgun barna hjá sjálfstætt reknum leikskólum og dagforeldrum í góðu samstarfi við viðkomandi rekstraraðila. Á árunum 2018-2023 er stefnt að því að börnum í sjálfstætt reknum leikskólum fjölgi um allt að 167 til viðbótar þeirri fjölgun sem þegar er orðin á haustmánuðum 2018.

Bilið brúað með samstilltu átaki



Leikskólinn er fyrsti viðkomustaður flestra barna á menntabrautinni og það er gæfa íslensks samfélags hve hátt hlutfall íslenskra barna gengur í leikskóla, þar sem hæft og gott starfsfólk með fjölbreytta menntun og reynslu vinnur mikilvægt starf með börnunum. Það er sérstakt metnaðarmál borgaryfirvalda að bæta starfsumhverfið í leikskólum borgarinnar og hefur verið gripið til ýmissa aðgerða í þá veru á undanförunum misserum. Foreldrar ungra barna sækjast eftir því að fá inni í leikskóla fyrir börn sín og það var meginverkefni þessa stýrihóps sem hér skilar sínum niðurstöðum að kortleggja með hvaða hætti mætti brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla til að tryggja hag ungbarnafjölskyldna í borginni. Það er mikilvæg forsenda verkefnisins að áform ríkisins um lengingu fæðingarorlofs í 12 mánuði verði að veruleika en Reykjavíkurborg vill og hyggst taka fulla ábyrgð á því að bjóða börnum leikskólaþjónustu að því loknu. Stýrihópurinn telur raunhæft að ná því langþráða marki á næstu fimm árum þar sem í öruggum skrefum verði hægt að bjóða yngri börnum leikskólarými. Helsti óvissuþátturinn felst í skorti á leikskólakennurum en vonir standa til að kennaranemum muni fjölga og það samhliða markvissum aðgerðum Reykjavíkurborgar til að bæta starfsumhverfið muni bæta stöðuna á komandi árum. Miðað við spá um þróun barnafjölda á leikskólaaldri og uppbyggingaráform borgarinnar vonumst við til að geta boðið öllum 18 mánaða börnum leikskólarými fyrir lok árs 2019, öllum 15 mánaða og eldri fyrir lok árs 2021 og öllum 12 mánaða börnum og eldri fyrir lok árs 2023. Þessi tímamörk eru þó sett fram með fyrirvara um stöðu mönnunarmála á hverjum tíma.

Þessi áætlun mun kalla á mikla fjárfestingu af hálfu borgarinnar í nýjum leikskólum, viðbyggingum við starfandi leikskóla og nýjum deildum í færanlegu húsnæði. Þá leggur stýrihópurinn til að haldið verði áfram kröftugri uppbyggingu ungbarnadeilda við leikskóla borgarinnar, þar sem áhersla verði lögð á sérhæfða aðstöðu, leikrými og búnað sem hæfir börnum á öðru aldursári. Það er niðurstaða stýrihópsins að þessi leikskólauppbygging útheimti um 5 milljarða fjárfestingu á næstu 5 árum og er afar mikilvægt að gert er ráð fyrir henni í fjárfestingaráætlun Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið 2019-2023.

Vinna stýrihópsins hefur verið mikil og ánægjuleg á undanförunum tveimur árum og ég vil nota tækifærið og þakka öllum þeim kjörnu fulltrúum sem komu að verkinu fyrir vel unnin störf og ánægjulegt samstarf. Ég færi sömuleiðis starfsmönnum skóla- og frístundasviðs, skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar og umhverfis- og skipulagssviðs kærar þakkir fyrir vandaða vinnu og ómetanlegt framlag sitt til þessarar mikilvægu stefnumótunar og áætlanagerðar.

Frá því ég man eftir mér hefur það verið fylgifiskur leikskólastarfsemi á Íslandi að hún hefur falið í sér takmörkuð gæði þar sem lengi vel var einungis í boði leikskólavist fyrir skilgreinda forgangshópa og þeim foreldrum sem nutu góðs af þjónustunni stóð um árabíl einungis til boða leikskólavist hálfan daginn fyrir börn sín. Börn á öðru aldursári hafa flest hver ekki fengið inni á leikskóla nema við sérstakar aðstæður. Það eru því mikil tíðindi að með þessari aðgerðaáætlun hyllir undir farsælar lyktir á þeirri leikskólabyltingu sem hófst fyrir aldarfjórðungi - og bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla verði loksins brúað.

Skúli Helgason, formaður stýrihópsins Brúum bilið

Inngangur

Stýrihópurinn Brúum bilið var skipaður af borgarstjóra með erindisbréfi dagsettu 24. maí 2016¹ Hlutverk stýrihópsins var að gera tillögu að stefnu borgarinnar um næstu skref í verkefninu að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla, taka afstöðu til framsettra valkosta og gera uppbyggingar- og aðgerðaráætlun um hvernig vinna mætti að málinu á næstu árum. Stýrihópurinn tók mið af skýrslu starfshóps Reykjavíkurborgar frá 2015 um hvernig brúa mætti bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla, skýrslu starfshóps vegna þingsályktunar um leikskóla að loknu fæðingarorlofi (Mennta- og menningarmálaráðuneytið 2015), skýrslu um framtíðarstefnu um fæðingarorlofsmál (Velferðar- ráðuneytið) og skýrslu um innritum barna í grunnskóla oftast en einu sinni á ári (SFS 2015).

Stýrihópurinn skipaðu Skúli Helgason formaður, Ilmur Kristjánsdóttir og svo í hennar stað Guðrún Alda Harðardóttir frá 24. nóvember 2016, Líf Magneudóttir, James Maddison, Jóna Björg Sætran og Kjartan Magnússon en Örn Þórðarson tók sæti þess síðastnefnda í hópnum í september 2016. Starfsmaður hópsins var í byrjun Hildur Skarphéðinsdóttir en Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir tók við af henni í september 2016.

Hópurinn skilaði inn áfangaskýrslu í janúar 2017 og hélt áfram störfum á árunum 2017 og 2018. Á þeim tíma var sérstaklega horft til uppbyggingaráforma í nýjum hverfum, viðbygginga við eldri leikskóla og möguleika á að opna ungbarnadeildir við starfandi leikskóla. Stýrihópurinn fór í 10 skipulagðar heimsóknir í leikskóla á fyrri hluta árs 2018 til þess að kanna aðstæður fyrir mögulegar ungbarnadeildir og ræða við stjórnendur um þeirra hugmyndir að ungbarnadeildum.

Fjöldi barna í leikskólum og fjöldi starfsstaða

Reykjavíkurborg rekur 62 leikskóla, þar af þrjá sem eru samreknir með grunnskólum. Meðalfjöldi barna er 91 barn í leikskóla en stærð leikskóla er þó mjög mismunandi. Fæst eru börnin 46 í einum leikskóla en í átta leikskólum eru færri en 60 börn. Flest eru börnin 206 í einum leikskóla og í níu leikskólum eru börnin fleiri en 130.

Starfsemi 62 leikskóla borgarinnar fer fram í 90 húsum eða starfsstöðvum. 37 leikskólanna eru starfræktir í einu húsi. Í 19 leikskólum fer starfsemin fram í tveimur húsum og í sjö þeirra en nokkur fjarlægð á milli húsanna. Að lokum fer starfsemi fimm leikskóla fram í þremur húsum og í þremur þeirra er fjarlægð á milli allra starfsstöðvanna en í hinum tveimur stendur þriðja húsið á lóð annarrar hvorrar hinnar starfsstöðvarinnar. Starfsaðstæður eru því mismunandi á milli leikskóla.

Unnið er að gerð viðmiða um stærð leikskóla á skóla- og frístundasviði og er gengið út frá því að með uppbyggingu leikskóla á næstu árum ætti að horfa til þess að stækka einingar og byggja nýja leikskóla sem telja 6-10 deildir, eða 120 – 200 börn, undir einu þaki.

¹ Sjá fylgiskjal 1.

Tillögur hópsins

Hópurinn setur hér fram tillögur um aðgerðir í sjö liðum:

- Leikskólarýmum verði fjölgað um 700-750 á næstu fimm árum** svo bjóða megi öllum börnum 12 mánaða og eldri leikskólavist í Reykjavík fyrir lok árs 2023.
- Byggðir verði fimm nýir leikskólar fram til 2023**, samkvæmt eftirfarandi áætlun:

<i>Leikskóli</i>	<i>fjölgun barna</i>	<i>stærð</i>	<i>fjárhagsáætlun</i>	<i>tilbúinn til notkunar</i>
Dalskóli	100-110	830	432.000.000 ²	2019
Kirkjusandur	60	740	400.000.000	2021
Miðborg	36 ³	750	750.000.000	2021-2022*
Vogabyggð	150	1200	780.000.000	2021-2022
Skerjafjörður	150	1200	780.000.000	2022-2023
Alls	496-506			



Áform eru um frekari uppbyggingu leikskóla á nýbyggingarsvæðum á síðari stigum, s.s. í Bryggjuhverfi, Ártúnshöfða og í Vatnsmýri.

² Hér er miðað við gildandi fjárhagsáætlun á 1. áfanga verksins.

³ Með opnun nýs leikskóla Miðborgar er áformað að starfsemi verði lögð af á tveimur eldri starfsstöðvum Miðborgar, Njálshöfða og Lindarborg. Miðað er við að nýi leikskólinn muni rúma 116 börn. Miðað við þessi áform fjölga börnum um 36 á leikskólanum í heild.

3. Viðbyggingar verði reistar við a.m.k. fimm leikskóla borgarinnar þar sem eftirspurn eftir leikskólaplássum er mikil, samkvæmt neðangreindri áætlun. Stefnt er að því að viðbyggingarnar verði staðsettar við leikskólana: Reynisholt, Kvistaborg, Seljakot og Hof auk leikskóla í Grafarvogi.⁴

<i>Leikskóli</i>	<i>fjölgun barna</i>	<i>stærð</i>	<i>fjárhagsáætlun</i>	<i>tilbúinn til notkunar</i>
Reynisholt	22	135	80.000.000	2020
Kvistaborg	10	200	200.000.000	2020
Seljakot	12	240	120.000.000	2020
Hof	23	600	450.000.000	2020
Grafarvogur	70	600	500.000.000	2021
Alls	137			



4. Nýjar leikskóladeildir verði opnaðar í færanlegu húsnæði á árunum 2018-2019 við a.m.k. fimm leikskóla borgarinnar þar sem eftirspurn er mikil. Stefnt er að því að deildirnar rísi við eftirfarandi leikskóla: Jöklaborg, Hof, Seljakot og Kvistaborg til viðbótar deild sem þegar er risin við Maríuborg.

<i>Leikskóli</i>	<i>fjölgun barna</i>	<i>stærð</i>	<i>fjárhagsáætlun</i>	<i>Tilbúnar til notkunar</i>
Maríuborg	12	58	4.000.000	2018
Jöklaborg	25	180	56.000.000	2019
Hof	16	100	120.000.000	2019
Seljakot	20	176	70.000.000	2019
Kvistaborg	15	80	28.000.000	2019
Alls	88			

⁴ Áform eru um viðbyggingu við leikskóla í Grafarvogi og stefnt er að ákvörðun um staðsetningu fyrir lok árs 2018.



5. Lokið verði við að setja á fót sérútbúnaðar ungbarnadeildir við alla borgarrekna leikskóla, sem hafa fjórar deildir eða fleiri, á næstu fimm árum.

Stefnt skal að opnun sjö nýrra ungbarnadeilda á ári og verði ungbarnadeild í framtíðinni starfrækt við alla leikskóla Reykjavíkurborgar, sem hafa að geyma fjórar deildir eða fleiri. Það á við um 46 leikskóla borgarinnar og er stefnt að því að þeir verði allir búnir sérstakri ungbarnadeild fyrir árslok 2023. Ungbarnadeildirnar verði sérútbúnaðar með hita í gólfum og aðstöðu innan- og utandyra sem hæfir börnum á aldrinum 12- 24 mánaða.

Í næsta áfanga þ.e. á árinu 2019 er lagt til að opnaðar verði ungbarnadeildir við eftirfarandi leikskóla sem nú þegar eru með hvað flest ung börn:

- Bakkaborg í Breiðholti
- Drafnarstein í Vesturbæ.
- Furuskógur í Fossvogi
- Hlíð í Hlíðahverfi
- Hulduheima í Grafarvogi
- Maríuborg í Grafarholti
- Suðurborg í Breiðholti



6. Formleg inntaka barna í leikskóla borgarinnar verði tvisvar á ári. Börn verði innrituð í leikskóla borgarinnar í ágúst/september eins og verið hefur en auk þess í janúar/febrúar ár hvert, þar sem eru laus leikskólarými og staða starfsmannamála leyfir. Eftir sem áður verði heimilt að taka inn börn á öðrum tímum ef leikskólarými losnar.

7. Stefnt verði að fjölgun barna hjá sjálfstætt reknum leikskólum og dagforeldrum í góðu samstarfi við viðkomandi rekstraraðila. Þegar hefur fjölgað um 80 börn í leikskólunum Mánagarði og Sælukoti haustið 2018 en til viðbótar er reiknað með fjölgun um allt að 36 börn í leikskólunum Öskju og Krílakoti fyrir árslok 2018. Á árunum 2019-2023 er stefnt að fjölgun leikskólarýma um allt að 131 barn til viðbótar á eftirfarandi leikskólum: Vinagarði, Ársól, Korpukot, Sælukot og Waldorfleikskólunum. Hér má sjá yfirlit yfir áætlaða fjölgun barna hjá sjálfstætt starfandi leikskólum frá 2018-2023

<i>Leikskóli</i>	<i>fjölgun barna</i>	<i>Tímasetning</i>
Askja	12-16	Umsókn í vinnslu
Krílakot	20	Umsókn í vinnslu
Vinagarður	40-60	Á næstu 5 árum
Ársól	16	Á næstu 5 árum
Korpukot	25	Á næstu 5 árum
Sælukot	13	Á næstu 5 árum
Waldorfskólar	17	Á næstu 5 árum
Samtals fjölgun	143-167	

Mat á rekstrarleyfum og staða biðlista

Fjöldi barna í leikskólum í heild

Taflan hér að neðan sýnir fjölda barna í leikskólum borgarinnar haustið 2018 sundurliðað niður á hverfi. Í dálknum við hliðina má finna tölur um rekstrarleyfi fyrir haustið 2018, sem endurspeglar hámarksfjölda barna miðað við húsrými á hverjum stað. Til samanburðar eru einnig biðlistatölur⁵ fyrir börn 18 mánaða og eldri á árinu annars vegar og börn 15 mánaða og eldri á árinu hins vegar. Þá er að lokum spá vegna 12 mánaða barna á árinu og eldri.. Spáin byggir á búsetu barna í Reykjavík eftir hverfum skv.

Gera má ráð fyrir að ef bjóða eigi öllum börnum 12 mánaða og eldri vistun í leikskólum í borginni þurfi líklega að hámarki 775 leikskólarými í borgarreknum og sjálfstætt reknunum leikskólum. Líklegra er þó að sú tala lækki nokkuð þegar tekið er tillit til þess að ákveðið hlutfall barna mun áfram njóta þjónustu dagforeldra. Hér er því miðað við 700-750 leikskólarými sem raunhæfa spá og er líkleg niðurstaða nær 700. dagforeldra. Í raun þarf um 1.072-1.122 pláss en þar af eru um 370 laus pláss í dag ýmist vegna þess að engin börn eru á biðlista, samsetning á deildum hentar ekki inntöku yngstu barna þ.e.a.s. fullt er á yngri barna deildum eða vegna mönnunarmála. Stöðugt er unnið að því að fylla þessi lausu pláss og má því búast við að þessar tölur breytist hratt til lækkunar. Þá mun lausum plássum fækka um 130 haustið 2020 í tengslum við ákvörðun borgarráðs um lækkun rekstrarleyfa um 4% frá því sem nú er.

Í uppbyggingu húsnæðis er gert ráð fyrir að á árunum 2018-2023 verði tilbúna um 5.500 nýjar íbúðir í Reykjavík.

Tafla 1: Hverfi	Fjöldi barna í leikskólum	Rekstrarleyfi haust 2018	Rekstrarleyfi haust 2020	Biðlisti 18 mánaða á árinu	Biðlisti 15 mánaða á árinu	Spá 12 mánaða á árinu
Árbær	405	445	437	13	31	61
Breiðholt	833	940	937	33	77	129
Grafarholt	287	283	274	9	19	37
Grafarvogur	797	857	837	18	53	105
Háaleiti - Bústaðir	759	666	645	21	45	91
Hlíðar	487	601	585	21	43	84
Kjalarnes	44	49	47			3
Laugardalur	639	677	662	36	60	104
Miðborg	185	220	218	10	19	39
Norðlingaholt	196	206	197	6	16	25
Úlfarsárdalur	96	97	91	5	7	14
Vesturbær	629	688	669	15	41	83
Alls	5357	5729	5599	187	411	775

⁵ Tölur frá 24. október 2018.

Uppbyggingarsvæði eftir borgarhlutum í Reykjavík

Tímaás uppbyggingarsvæða

Fjöldi svæða er í uppbyggingu í Reykjavík. Þegar kemur að tímaásnum er uppbyggingareitum skipt í fjóra flokka hjá umhverfis – og skipulagssviði borgarinnar (USK): *á framkvæmdastigi, samþykkt deiliskipulag, í skipulagsferli og þróunarsvæði*. Að öllu jöfnu er styst í að íbúðir á framkvæmdastigi komist í notkun en lengst í að flutt verði inn í íbúðir sem eru á þróunarsvæðum. Engu að síður getur það gerst að tiltekin uppbyggingarsvæði fari skyndilega nokkuð hratt upp flokka og þar með „framúr“ öðrum. Þetta getur t.d. verið vegna þess að samningar takist við verktaka meðan önnur svæði eru í bið. Í skýrslunni er mest verið að horfa til næstu 4-6 ára en til að átta sig á stöðunni til framtíðar er hér einnig horft til uppbyggingarsvæða sem samkvæmt núverandi áætlunum eiga að verða tilbúin síðar. Í samráði við starfsfólk á USK er hér gert ráð fyrir því að íbúðir komist í notkun á eftirfarandi tímum eftir því hvar uppbyggingarsvæðum er raðað á tímaásinn: *á framkvæmdastigi* árin 2018-2021, *í samþykktu deiliskipulagi* árin 2021-2024, *í skipulagsferli* árin 2024-2027 og *þróunarsvæði* árin 2027-2030⁶. Hér er tekið mið af að uppbyggingarsvæðin eiga uppruna sinn í aðalskipulagi Reykjavíkur sem nær til ársins 2030.

Meðaltalsfjöldi 1-5 ára barna á íbúð eftir borgarhlutum í Reykjavík

Þegar verið er að leggja mat á hversu mörg börn á aldrinum 1-5 ára eru líkleg til að búa síðar meir í íbúðum á uppbyggingarsvæðum í borginni, er í fyrsta lagi tekið mið af hversu mörg 1-5 ára börn eru í dag að meðaltali á hverja íbúð í tilteknum borgarhluta. Í dag er miðað við 0,15 leikskólabörn að meðaltali á aldrinum 1-5 ára á hverja íbúð í borginni. Misjafnt er á milli borgarhluta hversu mörg leikskólabörn reiknast á hverja íbúð, flest eru þau í Norðlingaholti eða 0,26 á íbúð en fæst í Miðborg en þar eru þau 0,06. Tafla 2 sýnir þessa svokölluðu hlutfallsstuðla 1-5 ára barna í borginni eftir borgarhlutum.

Tafla 2. Hlutfallstuðlar 1-5 ára barna eftir borgarhlutum í Reykjavík	
Borgarhluti	Hlutfallstuðull
Vesturbær	0,13
Miðborg	0,06
Hlíðar	0,14
Laugardalur	0,15
Háaleiti	0,14
Breiðholt	0,16
Árbær	0,17
Norðlingaholt	0,26
Grafarvogur	0,17
Grafarholt	0,19
Úlfarsárdalur	0,25
Kjalarnes	0,19
Reykjavík	0,15

Flokkun íbúða á uppbyggingarsvæðum.

Vegna spár um barnafjölda hefur íbúðum á uppbyggingarsvæðum verið skipt upp í fernt: A – *fjölskylduvænar íbúðir innan rötgróins íbúðarhverfis*, B – *minni íbúðir í blönduðum hverfum*, C – *íbúðir þar sem fá börn munu búa og D – íbúðir þar sem engin eða nánast engin börn munu búa* (t.d. íbúðir fyrir eldri borgara). Þannig geta sum uppbyggingarsvæði verið skilgreind á þann hátt að allir íbúðir þess falli undir sama flokkinn á meðan að á öðrum svæðum eru íbúðir í öllum fjórum flokkunum.

Íbúðir í A flokki fá í spánni í skýrslunni hæsta stuðulinn sem er jafn þeim stuðli sem er til staðar í dag í viðkomandi borgarhluta. Íbúðir í B flokki fá á bilinu 50-75% af stuðli A og íbúðir í C flokki fá 25-50% af stuðli A. Íbúðir í D flokki fá stuðulinn 0 enda ekki gert ráð fyrir að 1-5 ára börn komi til með að búa í þeim íbúðum eins og áður sagði.

Ástæða þess að íbúðir í A flokki fá ekki hærri stuðul en meðaltalið sem er fyrir í viðkomandi borgarhluta, er sú að í dag er verið að byggja minni íbúðir en áður sem aftur hefur með að gera að fólk eignast í dag hlutfallslega færri börn en kynslóðirnar á undan og sú þróun mun að öllum líkindum halda

⁶ Í skýrslunni er tímalengd uppbyggingarsvæða sem skilgreind eru sem *þróunarsvæði*, gefin upp sem 2027-2030+ og þar með vísað í að töluverðar líkur séu á því að einhver svæðanna verði ekki að fullu komin í notkun fyrr en eftir árið 2030.

áfram. Hér er einnig stuðst við *miðspá* Hagstofunnar um mannfjölda á Íslandi til að átta sig á líklegum fjölda barna á aldrinum 1-5 ára á næstu árum í Reykjavík.

Vegna þess að ákveðin spönn er gefin þegar verið er að meta barnafjölda úr íbúðum í B og C flokki, endurspeglast það í þeim barnafjöldatölum sem birtast í skýrslunni. Þannig er í flestum tilvikum um einhverskonar lægri mörk og hærri mörk að ræða í spánni. Þrátt fyrir þetta er þunginn í skýrslunni fyrst og fremst á lægri mörkin enda eru þær tölur í meira samræmi við mannfjöldaspá Hagstofunnar en hærri mörkin. Hærri mörkin eru þó höfð með til hliðsjónar enda ekki útilokað að mannfjöldaspá Hagstofunnar verði nær *háspá* stofnunarinnar en hún gerir ráð fyrir að mannfjöldi á Íslandi verði komin yfir 400.000 manns árið 2030.

Spá um fjölda 1-5 ára barna á uppbyggingarsvæðum eftir borgarhlutum

Til að finna út líklegan fjölda 1-5 ára barna á uppbyggingarsvæðum í borginni, eru borgarhluta-stuðlarnir úr töflu 2 margfaldaðir með fjölda hverrar tegundar íbúða með tilliti til hversu barnvænar þær verða. Í töflu 3 má sjá hvernig skipting 1-5 ára barna gæti orðið miðað við þessar forsendur í ólíkum borgarhlutum Reykjavíkur eftir því hvar framkvæmdir eru staddar í dag. Þar sést að gera má ráð fyrir að í þeim íbúðum sem nú eru á framkvæmdastigi, komi til með að búa um 440 börn á aldrinum 1-5 ára samkvæmt lægri mörkum, flest í Laugardal en þar á sér stað núna mikil uppbygging. Í Grafarvogi má búast við aukningu upp á u.þ.b. 170 börn á aldrinum 1-5 ára vegna nýrra íbúða á næstu sex árum. Í heildina má búast við að tæplega 800 börn á aldrinum 1-5 ára komi til með að búa á hverjum tíma á öllum þeim nýju svæðum sem fyrirhugað er að byggja á næstu sex árum. Nákvæm tala hér er samtala lægri marka fyrir uppbyggingarsvæði á framkvæmdastigi og í samþykktu deiliskipulagi sem er talan 775 börn. Til og með árinu 2030 má búast við að aukning barna á aldrinum 1-5 ára í borginni vegna uppbyggingarsvæðanna verði á bilinu 1700-2100, líklega þó nær lægri mörkum⁷.

Tafla 3. Spá um fjölda 1-5 ára barna eftir uppbyggingarsvæðum og uppbyggingartíma					
Borgarhlutar	Á framkvæmdastigi - 2018-2021	Samþykkt deiliskipulag - 2021-2024	Í skipulagsferli - 2024-2027	Þróunarsvæði - 2027-2030+	Samtals
Vesturbær	20-28	16-23	137-161	5-8	178-220
Miðborg	13-28	0	1	0	14-29
Hlíðar	70-100	2-3	33-55	0	105-158
Laugardalur	145-167	54-70	43-75	19-25	261-337
Háaleiti/Bústaðir	45-59	0	0	75-115	120-179
Breiðholt	8-12	0	0	0	8-12
Árbær	0	27-31	0	0	27-31
Norðlingaholt	39-44	0	0	0	39-44
Grafarvogur	24-31	147-178	631-689	0	802-898
Grafarholt	8	0	0	0	8
Úlfarsárdalur	65-74	89-94	0	0	154-168
Kjalarnes	3	0	0	0	3
Samtals	440-554	335-402	845-981	99-148	1719-2082

⁷ Í útreikningunum er ekki gert ráð fyrir nokkrum uppbyggingarsvæðum til viðbótar sem í dag eru öll skilgreind sem þróunarsvæði. Á þeim svæðum er enn óvíst um hverskonar íbúðir verður að ræða.

Vesturbær

Nokkur viðamestu uppbyggingarsvæðin í Vesturbæ eru á svokallaðri *Lýsislóð*, á *Vísindagörðum* og á *Héðinsreit* eins og sést í töflu 4. Þá er fyrirhugað 1200 íbúða hverfi í *Skerjabyggð*. Samtals er um að ræða næstum 2.500 íbúðir í borgarhlutanum öllum.

Í Vesturbæ búa í dag 0,13 leikskólabörn á íbúð og miðað við það hlutfall og miðað við hverskonar íbúðir er verið að byggja, má gera ráð fyrir að á bilinu 180-220 börn á aldrinum 1-5 ára komi til með búa í nýjum byggingum í Vesturbæ, þar af 40-50 í íbúðum sem byggjast upp á næstu sex árum. Í Skerjabyggð er samkvæmt deiliskipulagi gert ráð að rísi leikskóli eða samrekin leik- og grunnskóli, til að taka á móti 1-5 ára börnum af svæðinu. Í dag er Skerjabyggð í skipulagsferli og samkvæmt því miðað við að hverfið verði að fullu komið í notkun á árunum 2024-2027. Hinsvegar er gert ráð að nýr leikskóli í hverfinu verði kominn í gagnid fyrir eða á árunum 2022-2023.

Tafla 4. Vesturbær- uppbyggingarsvæði		
Byggingarferli og byggingarsvæði	Fjöldi íbúða	1-5 ára börn - spá
Á framkvæmdastigi - 2018-2021	399	20-28
Keilugrandi	78	12-15
Lýsislóð - Grandavegur 42-44	35	4
Nýlendureitur	7	0-1
Tryggvagata 13	35	2-3
Vísindagarðar	244	2-5
Samþykkt deiliskipulag - 2021-2024	246	16-23
BYKO-lóð	70	3-6
Vesturbugt	176	13-17
Í skipulagsferli - 2024-2027	1560	137-161
Héðinsreit	275	19-27
Hí-við Suðurgötu - Gamli Garður ⁸	85	1
Skerjabyggð	1200	117-133
Þróunarsvæði - 2027-2030+	255	5-8
Hí-við Suðurgötu ⁴	180	1-2
Landhelgisgæslureitur	75	4-6
Vesturbær samtals	2460	178-220

⁸ Stærstur hluti nýbygginga fyrir háskólanema Háskóla Íslands verða einstaklingsíbúðir.

Miðborg

Mörg uppbyggingarsvæði eru í Miðborginni en flest lítil eins og sjá má í töflu 8. Af öllum borgarhlutunum búa fæst leikskólabörn á íbúð í Miðborginni eða 0,06. Fæst uppbyggingarsvæðin eru fjölskylduvæn og í heildina er gert ráð fyrir að 10-30 börn á aldrinum 1-5 ára komi til með að búa á þessum nýju svæðum í Miðborginni. Ekki er gert ráð fyrir nýjum leikskólum í uppbyggingaráformum í borgarhlutanum en hinsvegar er reiknað með fjölgun leikskólarýma fyrir 36 börn þegar byggður verður nýr Miðborgarleikskóli.

Tafla 5. Miðborg- uppbyggingarsvæði		
Byggingarferli og byggingarsvæði	Fjöldi íbúða	1-5 ára börn - Spá
Á framkvæmdastigi - 2018-2021	519	13-28
Barónsreitur - Hverfisgata 85-93	70	2-4
Barónsreitur – Hverfisgata 88-92	31	1-2
Barónsreitur – Skúlagata/Vitastígur	31	1-2
Brynjureitur	77	2-4
Frakkastígsreitur	67	2-4
Hafnartorg - Austurhöfn	147	3-7
Hljómalindareitur	35	1-2
Hverfisgata 61	12	0-1
Hverfisgata 94-96	38	1-2
Laugavegur 59	11	0
Í skipulagsferli - 2024-2027	20	1
Frakkastígur-Skúlagata	20	1
Miðborg samtals	539	14-29

Hlíðar

Í Hlíðum eru samtals 8 uppbyggingarsvæði ýmist í byggingu eða fyrirhuguð en einungis hluti þeirra hentar vel barnafjölskyldum. Helst má gera ráð fyrir leikskólabörnum á *Hlíðarendu* en þar er verið að byggja næstum 800 íbúðir og á svokölluðum *Heklureit* þar sem verða byggðar 400 íbúðir. Yfirlitið er í töflu 6.

Í Hlíðum búa í dag 0,14 leikskólabörn á íbúð og í heildina má gera ráð fyrir 100-160 börnum á aldrinum 1-5 ára á uppbyggingarsvæðum, þar af ríflega helmingi af svæðum sem eru á *framkvæmdastigi*. Enn er mögulegt samkvæmt deiliskipulagi að leikskóli rísi á *Hlíðarendu* til að taka á móti þeim barnafjölda sem búa mun í því nýja hverfi⁹. Hverfið er á framkvæmdastigi og því gæti mögulega risið þar leikskóli á næstu 2-3 árum.

Tafla 6. Hlíðar - uppbyggingarsvæði		
Byggingarferli og byggingarsvæði	Fjöldi íbúða	1-5 ára börn - Spá
Á framkvæmdastigi - 2018-2021	1265	70-100
Einholt - Þverholt	20	3-4
Hlíðarendi	780	60-82
Skipholt 70	10	1
Öskjuhlíð - Nauthólsvegur	440	6-13
Samþykkt deiliskipulag – 2021-2024	160	2-3
Lóð HÍ við Stakkahlíð ¹⁰	160	2-3
Í skipulagsferli – 2024-2027	670	33-55
Laugavegur - Skipholt (Heklureit)	400	21-35
Sjómannaskólareitur	120	4-7
Veðurstofuhæð	150	8-13
Hlíðar samtals	2.095	105-158

⁹ Í Hlíðum er einnig gert ráð fyrir að Háskólinn í Reykjavík láti reisa leikskóla við Nauthólsveg í Öskjuhlíð. Ekki liggja fyrir tímaáætlanir varðandi þá framkvæmd.

¹⁰ Stærstur hluti nýbygginga fyrir háskólanema verða einstaklingsíbúðir.

Laugardalur

Mikil uppbygging er fyrirhuguð og nú þegar hafin í Laugardal eins og sést í töflu 7. Þar munar mestu um *Vogabyggð* en sá hluti hverfisins sem gengur undir nafninu *Vogabyggð II* og telur 776 íbúðir, er þegar kominn á framkvæmdastig. Þá er fyrirhuguð 750 íbúða byggð í *Skeifunni*, 300 íbúða byggð á *Kirkjusandi* og yfir 200 íbúðir verða byggðar á svokölluðum *SS reit* í Laugarnesinu. Í borgarhlutanum öllum er um að ræða samtals yfir 3000 nýbyggingar.

Í dag búa 0,15 börn á aldrinum 1-5 ára í Laugardalnum. Byggingarsvæðin í borgarhlutanum eru misjafnlega fjölskylduvæn en í heildina má gera ráð fyrir um 260-340 börnum á aldrinum 1-5 ára á þessum svæðum, flest úr *Vogabyggðinni*. Sé horft til næstu sex ára má gera ráð fyrir að fjöldi leikskólabarna í nýjum íbúðum verði á bilinu 200-240.

Samkvæmt deiliskipulagi er gert ráð fyrir ungbarnaleikskóla á *Kirkjusandi* sem gæti þá verið tilbúinn á árunum 2020-2021, þ.e. ef gengið er út frá því að hann verði tilbúinn á sama tíma og hverfið sjálft. Í *Vogabyggðinni* er gert ráð fyrir leikskóla á næstu 3-4 árum, líklega á árunum 2021-2022. Mögulega yrði um að ræða samrekinn leik- og grunnskóla, sérstaklega á meðan hverfið er enn í uppbyggingu.

Tafla 7. Laugardalur - uppbyggingarsvæði		
Byggingarferli og byggingarsvæði	Fjöldi íbúða	1-5 ára börn - Spá
Á framkvæmdastigi - 2018-2021	1383	145-167
Bílanaustrsreitur - Mánatún	5	0
Blómavalsreitur	108	16
Borgartún 28	21	1-2
Höfðatorg I	94	5-9
Kirkjusandur	300	36-41
Mánatún 1	5	0
Mörkin – Suðurlandsbraut 68-70	74	0
Vogabyggð II	776	87-99
Samþykkt deiliskipulag – 2021-2024	632	54-70
Borgartún 34-36	86	8-10
Höfðatorg II	94	5-8
Sóltún 2-4	30	0
Sætúnsreitur	100	4-9
Vogabyggð I	330	37-43
Í skipulagsferli – 2024-2027	815	43-75
Borgartúnsreitir	65	4-7
Skeifan	750	39-68
Þróunarsvæði – 2027-2030+	225	19-25
SS - reitur	225	19-25
Laugardalur samtals	3.055	261-337

Háaleiti/Bústaðir

Í Háaleiti/Bústöðum eru í byggingu 360 íbúðir á svokölluðum *RÚV-reit* eins og sjá má í töflu 8. Í borgarhlutanum eru fleiri svæði á framkvæmdastigi í samþykktu deiliskipulagi en þau eru að litlu leyti fyrir barnafjölskyldur. Eitt stórt *þróunarsvæði* er síðan á áætlun í borgarhlutanum en það er í *Kringlunni* þar sem á að byggja 1000 íbúðir.

Í Háaleiti/Bústöðum búa í dag 0,14 leikskólabörn á íbúð og gera má ráð fyrir 120-180 börnum á aldrinum 1-5 ára á þessum svæðum, þar af á bilinu 45-60 á næstu þremur árum.

Tafla 8. Háaleiti/Bústaðir - uppbyggingarsvæði		
Byggingarferli og byggingarsvæði	Fjöldi íbúða	1-5 ára börn - Spá
Á framkvæmdastigi – 2018-2021	793	45-59
Grensás – Síðumúli	35	2-3
RÚV - lóð	360	30-39
Sogavegur 73-77	45	5-6
Skógarvegur	20	2
Sléttuvegur - Skógarvegur	318	4-7
Vigdísarlundur	15	2
Þróunarsvæði – 2027-2030+	1225	75-115
Borgarspítalareitur	225	22-27
Kringlan	1000	53-88
Háaleiti/Bústaðir samtals	2.018	120-179

Breiðholt

Í Breiðholti er verið að byggja fjölbýlishús í *Suður – Mjódd* en aðrar framkvæmdir eru ekki á áætlun í borgarhlutanum eins og tafla 9 sýnir. Í Breiðholti búa í dag 0,16 leikskólabörn á íbúð. Helmingur íbúða í *Suður – Mjódd* verður fyrir eldri borgara en hinn helmingurinn á að vera tiltölulega fjölskylduvænn. Hér er gert ráð fyrir að 8-12 leikskólabörn muni búa í þeim íbúðum á hverjum tíma.

Tafla 9. Breiðholt - uppbyggingarsvæði		
Byggingarferli og byggingarsvæði	Fjöldi íbúða	1-5 ára börn - Spá
Á framkvæmdastigi – 2018-2021	130	8-12
Suður - Mjódd	130	8-12
Breiðholt samtals	130	8-12

Árbær

Í Árbænum eru á framkvæmdastigi 60 íbúðir fyrir eldri borgara en í samþykktu deiliskipulagi eru íbúðir í Hraunbæ – Bæjarhálsi sem eiga að vera tiltölulega fjölskylduvænar eins og sjá má í töflu 10. Í Árbænum í dag búa 0,17 leikskólabörn á íbúð. Í Hraunbæ – Bæjarhálsi er gert ráð fyrir u.þ.b. 30 börnum á aldrinum 1-5 ára.

Tafla 10. Árbær - uppbyggingarsvæði		
Byggingarferli og byggingarsvæði	Fjöldi íbúða	1-5 ára börn - Spá
Á framkvæmdastigi – 2018-2021	60	0
Hraunbær 103-105	60	0
Samþykkt deiliskipulag – 2021-2024	200	27-31
Hraunbær - Bæjarháls	200	27-31
Árbær samtals	260	27-31

Norðlingaholt

Í Norðlingaholti er uppbygging við *Elliðabraut á framkvæmdastigi* og gert ráð fyrir 193 tiltölulega fjölskylduvænum íbúðum. Hvergi í borginni búa eins mörg 1-5 ára börn á íbúð eins og í Norðlingaholti eða 0,26 en hafa þarf í huga að íbúafjöldi í hverfinu er í hámarki um þessar mundir. Miðað við þetta má gera ráð fyrir að um 40 börn á aldrinum 1-5 ára komi til með að búa í nýjum íbúðum við Elliðabraut líkt og tafla 11 sýnir. Hér þarf að hafa í huga að vegna þess að stuðullinn 0,26 miðar við hverfi í uppbyggingu, eru ákveðnar líkur á því að þegar hverfið kemst í jafnvægi, verði meðalfjöldi 1-5 ára barna í Norðlingaholti eitthvað lægri að jafnaði.

Tafla 11. Norðlingaholt- uppbyggingarsvæði		
Byggingarferli og byggingarsvæði	Fjöldi íbúða	1-5 ára börn - Spá
Á framkvæmdastigi – 2018-2021	193	39-44
Elliðabraut	193	39-44
Norðlingaholt samtals	193	39-44

Grafarvogur

Hvergi í Reykjavík er fyrirhuguð jafnmikil íbúðauppbygging til ársins 2030 og í Grafarvogi eða yfir 6000 íbúðir. Framkvæmdir í Grafarvogi á framkvæmdastigi og í samþykktu deiliskipulagi telja samtals yfir 1500 íbúðir. Langstærsta fyrirhugaða uppbyggingin í Grafarvogi og reyndar Reykjavík allri, mun síðan eiga sér stað í *Ellliðaárvognum – Vogum, Höfða* en þar verður reist nýtt íbúðahverfi með 4500 íbúðum. Þetta hverfi er í dag skilgreint sem svæði í skipulagsferli. Uppbyggingaráform í Grafarvogi má sjá í töflu 12.

Í Grafarvogi búa í dag 0,17 leikskólabörn á íbúð og hér er því spáð að á bilinu 800-900 börn á aldrinum 1-5 ára komi til með að búa á hinum nýjum uppbyggingarsvæðum þegar þau verða tilbúin. Sé horft til næstu sex ára gæti fjöldinn orðið á bilinu 170-210.

Eins og áður sagði er *Ellliðaárvogur – Vogur, Höfðar* í skipulagsferli en líklegt er að reynt verði að fullbyggja nærliggjandi hverfi, *Bryggjuhverfi* og *Vogabyggð*, áður en framkvæmdir fara á fullt í *Ellliðaárvog – Vogum, Höfða*.

Tafla 12. Grafarvogur- uppbyggingarsvæði		
Byggingarferli og byggingarsvæði	Fjöldi íbúða	1-5 ára börn - Spá
Á framkvæmdastigi – 2018-2021	226	24-31
Bryggjuhverfi - II áfangi	70	9-10
Spöngin - Móavegur	156	15-21
Samþykkt deiliskipulag – 2021-2024	1300	147-178
Bryggjuhverfi III (Ártúnshöfði svæði 1)	800	102-116
Gufunes - 1. áfangi	500	45-62
Í skipulagsferli – 2024-2027	4500	631-689
Ellliðaárvogur - Vogur, Höfðar	4500	631-689
Grafarvogur samtals	6.026	802-898

Grafarholt

Í Grafarholti á enn eftir að byggja 30 íbúðir á *Reynisvatnsási* en frekari framkvæmdir eru ekki fyrirhugaðar í borgarhlutanum að svo stöddu. Í Grafarholti búa í dag 0,19 börn á aldrinum 1-5 ára á íbúð. Nýbyggingar á *Reynisvatnsási* eru tiltölulega fjölskylduvænar og er hér gert ráð fyrir 8 leikskólabörnum úr íbúðunum 30 eins og sjá má í töflu 13.

Tafla 13. Grafarholt- uppbyggingarsvæði		
Byggingarferli og byggingarsvæði	Fjöldi íbúða	1-5 ára börn - Spá
Á framkvæmdastigi – 2018-2021	30	8
Reynisvatnsás	30	8
Grafarholt samtals	30	8

Úlfarsárdalur

Úlfarsárdalur er yngsti borgarhlutinn í Reykjavík og þar er í dag mjög reglulega flutt inn í nýjar íbúðir. Í því hverfi sem í dag er í uppbyggingu á enn eftir að klára um 340 íbúðir. Þá eru 360 íbúðir við Leirtjörn í *samþykktu deiliskipulagi*. Uppbyggingu í Úlfarsárdal má sjá í töflu 14. Rétt eins og í Norðlingaholti er hlutfall 1-5 ára barna í Úlfarsárdal á hverja íbúð fremur hátt enda borgarhlutinn í heild sinni enn í uppbyggingu. Í dag reiknast 0,25 börn á aldrinum 1-5 ára á hverja íbúð í Úlfarsárdal og miðað við það má gera ráð fyrir samtals um 150-170 börnum á þessum aldri úr nýbyggingum þar. Líkt og í Norðlingaholti þarf hér að hafa í huga að vegna þess að stuðullinn 0,25 miðar við hverfi í uppbyggingu, eru ákveðnar líkur á því að þegar hverfið kemst í jafnvægi verði meðalfjöldi 1-5 ára barna að jafnaði eitthvað lægri í hverfinu. Ráðgert er að opna nýjan 100-110 barna leikskóla í glæsilegri nýbyggingu Dalskóla haustið 2019.

Tafla 14. Úlfarsárdalur- uppbyggingarsvæði		
Byggingarferli og byggingarsvæði	Fjöldi íbúða	1-5 ára börn - Spá
Á framkvæmdastigi – 2018-2021	340	65-74
Úlfarsárdalur - núverandi hverfi I	150	34-36
Úlfarsárdalur - núverandi hverfi II	190	31-38
Samþykkt deiliskipulag – 2021-2024	360	89-94
Úlfarsárdalur - Leirtjörn	360	89-94
Úlfarsárdalur samtals	700	154-168

Kjalarnes

Á Kjalarnesi eru á framkvæmdastigi 18 íbúðir í Grundahverfi eins og tafla 18 sýnir og hér er því spáð að í þeim komi til með að búa 3 börn á aldrinum 1-5 ára í íbúðunum á hverjum tíma.

Tafla 15. Kjalarnes- uppbyggingarsvæði		
Byggingarferli og byggingarsvæði	Fjöldi íbúða	1-5 ára börn - Spá
Á framkvæmdastigi – 2018-2021	18	3
Grundahverfi	18	3
Kjalarnes samtals	18	3

Spá um fjölda barna á aldrinum 1-5 ára og barna í leikskólum í Reykjavík


Hagstofa Íslands gerir mannfjöldaspár og samkvæmt miðspá stofnunarinnar munu búa um 400.000 manns á Íslandi árið 2030¹¹ sem er um 15% fjölgun landsmanna á þessum 12 árum. Spá um 1700 leikskólabörn á uppbyggingarsvæðum í Reykjavík á sama tímabili, sem eru lægri mörkin í spám í skýrslunni, sem flata viðbóta við þau tæplega 7400 börn á aldrinum 1-5 ára sem í dag búa í Reykjavík, er aukning uppá 23%. Sú aukning er því yfir mannfjöldaspá Hagstofunnar og mögulega er því aukning uppá 1700 börn að einhverju leyti ofmat. Spá uppá 2100 börn á aldrinum 1-5 ára, sem eru hærra mörkin

¹¹ <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi/mannfjoldaspa-20172066/>


Hér er um miðspá að ræða, lágspá gerir ráð fyrir að Íslendingar verði um 370.000 árið 2030 og háspá að Íslendingar verði um 430.000. Spárnar byggjast á ólíkum forsendum um hagvöxt, frjóseshlutfall og búferlaflutninga.

í spánni, gerir ráð fyrir 28% fjölgun barna á þessu aldursbili í höfuðborginni sem er langt yfir miðspá Hagstofunnar. Þetta er ein helst ástæða þess að áherslan er hér á lægri mörk spárinnar.

Það er líka mikilvægt að hafa í huga að á undanförunum fimm árum hefur fjöldi barna á aldrinum 1-5 ára farið lækkandi í Reykjavík á sama tíma og íbúum í Reykjavík hefur almennt fjölgað eins og sjá má á mynd 1. Þannig voru 1-5 ára börn 7,0% íbúa höfuðborgarsvæðisins árið 2014 en í dag eru 1-5 ára börn 5,8% af íbúum Reykjavíkur. Þessar tölur eru í samræmi við mannfjöldaspár Hagstofunnar sem gerir ráð að meðalaldur á Íslandi haldi áfram að hækka á næstu árum. Þetta rennir líka stoðum undir að raunhæft sé að fara varlega í spám um fjölda barna á nýbyggingarsvæðum í Reykjavík.



Erfitt er að spá fyrir um hvort yngstu íbúum Reykjavíkur muni áfram fækka á næstu árum í því húsnæði sem fyrir er í borginni. Mestar líkur eru á hægari hagvexti sem gæti ýtt undir barneignir líkt og gerðist eftir hrun en minnkandi hagvöxtur gæti líka hægt enn frekar á barneignum. Til að fá mynd af fjölda barna á aldrinum 1-5 ára til næstu sex ára, sem er sá tími sem áætlanir stýrihópsins Brúum bilið tekur aðallega mið af, er eðlilegast að miða við að á næstu árum verði áfram um 7400 börn á aldrinum 1-5 ára í því húsnæði sem fyrir er í borginni. Börn á sama aldursbili í nýbyggingum bætist svo við þann fjölda í samræmi við lægri mörk spárinnar, þ.e. fyrirnefnd 775 börn fyrir uppbyggingarsvæði á framkvæmdstigi og í samþykktu deiliskipulagi. Á mynd 2 sést spá um hvernig þróun á fjölda 1-5 ára barna í borginni gæti orðið miðað við þessar forsendur á tímabilinu 2019-2024.



Sjálfstætt starfandi leikskólar

Nokkrir sjálfstætt starfandi leikskólar eru með áform um fjölgun barna á næstu árum samkvæmt eftirfarandi samantekt. Fjölgun á Mánagarði og Sælukoti um samtals 80 börn er þegar komin til framkvæmda á árinu 2018 en því til viðbótar eru áform um fjölgun sem nemur allt að 167 börnum til viðbótar á næstu fimm árum. Ekki liggja fyrir nánari framkvæmdaáætlanir á þessu stigi. Þá er mögulegt að frekari fjölgun verði meðal sjálfstætt starfandi leikskóla á tímabilinu t.d. á vegum Háskólans í Reykjavík í Nauthólsvík og jafnvel á Hlíðarendasvæðinu.

<i>Leikskóli</i>	<i>fjölgun barna</i>	<i>Tímasetning</i>
Askja	12-16	Umsókn í vinnslu
Krílakot	20	Umsókn í vinnslu
Vinagarður	40-60	Á næstu 5 árum
Ársól	16	Á næstu 5 árum
Korpukot	25	Á næstu 5 árum
Sælukot	13	Á næstu 5 árum
Waldorfskólar	17	Á næstu 5 árum
Samtals fjölgun	143-167	

Ungbarnadeildir og ungbarnaleikskólar

Samkvæmt tillögugerð stýrihópsins *Brúum bilið* og samhliða störfum hans hafa verið stigin fyrstu skref í að aðlaga starfandi leikskóladeildir borgarinnar að þörfum yngstu barnanna. Þar hefur verið farið í endurbætur á húsnæði s.s. lagfæringar á skiptiaðstöðu og lagður hiti í gólf auk þess sem fjármagni var veitt í endurnýjun búnaðar með tilliti til þroska barna á öðru aldursári. Samhliða þessu hafa jafnframt verið gerðar lagfæringar á útileiksvæðum.

Á árinu 2017 voru opnaðar sjö sérhæfðar ungbarnadeildir við leikskóla borgarinnar sem hér segir: Blásalir í Árbæ 2 deildir, Holt í Breiðholti 1 deild, Miðborg 2 deildir og Sunnuás í Laugardal 2 deildir.

Á árinu 2018 voru opnaðar sjö deildir til viðbótar með sama hætti þ.e. Bjartahlíð í Hlíðum 2 deildir, Engjaborg í Grafarvogi 1 deild, Geislabaugur í Grafarholti 1 deild, Grandaborg í Vesturbæ 1 deild, Hagaborg í Vesturbæ 1 deild og Sunnufold í Grafarvogi 1 deild.

Stýrihópurinn *Brúum bilið* leggur til að haldið verði áfram því verkefni að aðlaga deildir við starfandi leikskóla borgarinnar þannig að þær séu í stakk búnað til að taka við yngri börnum. Í því verkefni leggur stýrihópurinn til að horft verði til þeirra leikskóla sem eru fjögurra deilda og stærri og sett fram áætlun um að vinna við allt að 7 deildir á



hverju ári. Það myndi þýða að innan fimm ára væri komin ungbarnadeild við alla borgarreka leikskóla sem eru fjögurra deilda eða stærri, alls 46 deildir. Í næsta áfanga þ.e. á árinu 2019 er lagt til að farið

verði í framkvæmdir við þá leikskóla sem nú þegar eru nú þegar með hvað flest ung börn þ.e. leikskólana Bakkaborg í Breiðholti, Drafnarstein í Vesturbæ, Furuskóg í Fossvogi, Hlíð í Hlíðahverfi, Hulduheima í Grafarvogi, Maríuborg í Grafarholti og Suðurborg í Breiðholti. Miðað er við eina sérhæfða ungbarnadeild í hverjum leikskóla.

Reynslan af ungbarnadeildum

Þeir leikskólar sem hófu innleiðingu ungbarnadeilda 2017 fengu ráðgjöf og eftirfylgd frá fráfaraandi leikskólaráðgjafa á leikskólahluta fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs ásamt lektor á Menntavísindasviði. Við innleiðinguna var m.a. unnið út frá verkefninu *Skína smástjörnur*.

Haustið 2018 heimsóttu leikskólaráðgjafar frá fagskrifstofunni þá leikskóla sem eru með skilgreindar ungbarnadeildir og höfðu fengið fjármagn til búnaðarkaupa 2018.

Mismunandi var á þeim tíma hve langt þeir leikskólar voru komnir í standsetningu og uppbyggingu ungbarnadeildanna enda helst það í hendur við það hve mörg ung börn eru á deildinni.

Í heimsóknunum kom fram almenn ánægja deildarstjóra og leikskólastjóra með fyrirkomulagið. Nefndu þeir hitann í gólfnum sem mikinn kost, einnig bættu aðstöðu við bleijuskipti og það að geta endurnýjað búnað. Hugmynd um að deildarstjórar á ungbarnadeildum hittist og deili reynslu og hugmyndum mæltist vel fyrir og einnig að þeir verði með sameiginlegan vettvang á samskiptamiðlinum Workplace í sama tilgangi.

Haft var samband við leikskólastjóra í þeim leikskólum sem fyrirhugað er að opni ungbarnadeildir á árinu 2019 og sýndu þeir allir áhuga á þessum áformum og vildu byrja sem fyrst.




Af hverju ungbarnadeildir?

Leiða má líkum að því að sérstakar ungbarnadeildir geti fremur þjónað sérstöðu ungra leikskólabarna en deildir sem ætlaðar eru eldri börnum. Áherslur í námsumhverfi yngstu barna eru nokkuð aðrar en eldri leikskólabarna, það kemur meðal annars fram í doktorsrannsókn Hrannar Pálmadóttur (2015) *Samfélag í leik: Sjónarhorn ungra leikskólabarna á tengsl, gildi og hlutverk* (*Communities in play: Young preschool children's perspectives on relationships, values and role*). Þar er sjónum beint að mikilvægum þáttum sem tengjast samfélagi barna í leik, námsumhverfi þeirra og hlutverki starfsmanna.

Fjöldi rannsókna sýnir að sterkasti áhrifaþáttur leikskólastarfs og árangurs þess er viðhorf þeirra sem þar starfa, það kemur meðal annars fram í doktorsrannsókn Guðrúnar Öldu Harðardóttur (2014) *Námstækifæri barna í leikskóla. Tækifæri leikskólabarna til þátttöku og áhrifa á leikskólanám sitt*. Þar segir að viðhorf kennara til getu barna hafi t.d. mótandi áhrif á hugmyndir barna um trú þeirra á eigin getu, sem er ekki síst mikilvægt að hafa í huga þegar fjallað er um ung leikskólabörn.

Fagmennska og starfshættir leikskólakennara með yngstu börnunum beinast í ríkum mæli að því að samtvinnu umhyggju og nám; í vinnu með yngstu börnin verða þessir þættir ekki aðgreindir. Samskipti fullorðinna við börn þurfa að byggjast á tilfinningalegri nánd og leitast þarf við að nálgast sjónarhól barnanna, styrkja sjálfsmynd þeirra og virka þátttöku í leik (Hrönn Pálmadóttir og Kristín Gunnarsdóttir, Skína smástjörnur, 2016). Einnig má benda á meistaraprófsritgerð Sigríðar Sítu Pétursdóttir (2008) sem fjallar um umhyggju ungra leikskólabarna og í því sambandi menntandi umhyggju (e. educare) en þá er átt við að horft er á barnið sem heild, þar sem umönnun, umhyggja og menntun fara saman og eru ekki aðskilin. Að lokum er bent á meistaraprófsritgerð Sigrúnar Óskar L. Gunnarsdóttur (2016) *Markvisst starf í leikskóla með 1 - 3 ára börnum sem felur í sér snemmtæka íhlutun*.



Innritun barna í leikskóla tvisvar sinnum á ári

Stýrihópurinn leggur til að formleg innritun barna í leikskóla borgarinnar verði tvisvar sinnum á ári í janúar/febrúar og ágúst/september en það verði þó háð þeim skilyrðum að laus rými séu í viðkomandi leikskóla og aðstæður leyfi. Eftir sem áður verði þó heimilt að innrita börn á öðrum tímum þegar leikskólarými losnar.

Í september 2018 voru 718 börn, sem fædd eru á tímabilinu september 2016 – júní 2017 komin í leikskóla Reykjavíkurborgar. Elstu börnin í þessum hópi voru 2 ára við upphaf leikskólagöngunnar í september en þau yngstu 15 mánaða. Um áramót verður þessi hópur allur orðinn 18 mánaða.

Innritun barna í leikskóla markast að mestu af skipulagningu skólaárs grunnskóla þ.e. að stærsta innritunin er þegar elstu börnin hefja grunnskólagöngu að hausti. Margir leikskólar fyllast og þar sem langur biðlisti er komast yngstu börnin jafnvel ekki inn í þann leikskóla sem foreldrar óska helst eftir. Þannig býðst börnum leikskóladvöl í aldursröð, þar sem elstu börnin eru fyrst í röðinni og eru þau innrituð eftir því sem laus rými og biðlisti leyfa á hverjum stað.

Haustið 2018 eru laus rými í mörgum leikskólum borgarinnar auk þess sem nýjar leikskóladeildir verða opnaðar við leikskólana Seljakot, Jöklaborg og Hof á fyrstu mánuðum nýs árs 2019 og síðar á árinu við Kvistaborg. Svigrúm mun því aukast til að opna fyrir innritun yngri barna í upphafi nýs árs í þeim leikskólum þar sem eru laus rými og ekki eldri börn á biðlista.

Mönnun starfa í leikskólum

Þegar settar eru fram áætlanir um uppbyggingu leikskóla og fjölgun leikskólarýma með það að markmiði að geta boðið börnum frá 12 mánaða aldri upp á leikskólagöngu er mikilvægt að huga að þeirri þörf sem það kallar á í mannafla. Áætla má að aukning leikskólarýma um 700 börn skapi þörf fyrir 260-270 ný stöðugildi á næstu 5 árum eða ríflega 50 störf á ári að meðaltali sem skiptast milli borgarrekinnna og sjálfstætt rekinna leikskóla og sjálfstætt reknium leikskólum.


Á síðustu árum, sem einkennst hafa af uppsveiflu á atvinnumarkaði, hefur reynt þungt að manna leikskóla hæfu og faglærðu fólki. Stétt leikskólakennara er að eldast og nýliðun hefur verið í sögulegu lágmarki. Haustið 2016 og 2017 voru leikskólum borgarinnar afar erfið hvað varðar ráðningar en heldur betur hefur gengið í þeim efnum haustið 2018 þar sem fækkaði um nærri helming þeim störfum sem ómönnuð voru í byrjun hausts. Leiða má að því líkum að þar hafi m.a. skilað árangri þær aðgerðir sem gripið hefur verið til varðandi það að bæta starfsumhverfi leikskólakennara. Meðal þeirra aðgerða var m.a. að fækka börnum í rýmum, fækka börnum í elstu aldurshópum á hvern starfsmann með fjölgun starfsmanna, auka undirbúningstíma leikskólakennara, leggja áherslu á heilsueflingu starfsmanna og veita starfsfólki svigrúm til náms í leikskólafræðum. Alls hefur verið varið nærri 1,2 milljörðum króna til að fjármagna þessar aðgerðir til að bæta starfsumhverfi leikskólakennara.

Mikið átak hefur einnig verið í auglýsinga- og kynningarmálum og verkefni eins og sumarstörf ungmenna og stofnun afleysingastofu hafa vakið áhuga nemenda á leikskólakennarastarfinu. Í vinnslu er jafnframt aukið samstarf við háskólasamfélagið um sí- og endurmenntun kennara. Upplýsingar frá háskólunum gefa einnig fyrirheit um aukningu nýliða leikskólakennara en nýnemum í grunnámi til leikskólakennara í Háskóla Íslands hafði haustið 2018 fjölgað frá árinu 2016 úr 37 í 69 eða um 87 %. Í Háskólanum á Akureyri vour nýir nemar í grunnámi í kennarafræðum með leikskólakjörsvið samtals 15 haustið 2018 en 2016 og 2017 voru þeir 12 hvort ár. Í Listaháskóla Íslands hófst diplómanám í leikskólakennarafræðum haustið 2018 og eru tveir nemendur skráðir í það.

Dagforeldrar

Í [skýrslu starfshóps um endurskoðun, þróun og breytingar á dagforeldrabjónustu í Reykjavík](#) (maí 2018) er meðal annars lagt til að borgin hvetji til fjölgunar dagforeldra og styrkingar þjónustunnar. Skóla- og frístundaráð samþykkti á fundi sínum tillögur um aðgerðir til að efla dagforeldrakerrið á grundvelli tillagna starfshópsins. Þær tillögur gera ráð fyrir um 60 milljóna kr. viðbótarfjárveitingu á ári, sem munu renna frekari stoðum undir þjónustu dagforeldra. Þetta verður m.a. gert með því að leggja til húsnæði fyrir starfsemi dagforeldra sem vinna tveir saman, stofnstyrkir verða teknir upp til að örva nýliðun og niðurgreiðslur vegna barna hjá dagforeldrum verða hækkaðar um 15% til að auka jafnræði þannig að daggæslan verði raunhæfari valkostur fyrir foreldra í samanburði við leikskólavistun. Einnig er lagt til að hækka námsstyrki og faglegan stuðning við dagforeldra, þannig að þessi starfsemi verði eftirsóknarverðari. Vonast er til þess að þessar aðgerðir skapi öflugt mótvægi við þá þróun sem skilað hefur fækkun dagforeldra á undanförunum misserum.

Fjöldi dagforeldra og fjöldi barna hjá dagforeldrum í Reykjavík 1997-2017



Kostnaðarmat tillagna

Fjárfestingaáætlun

Fjárfestingaáætlun tekur til áforma um byggingu nýrra leikskóla, viðbygginga við núverandi leikskóla og nýrra leikskóladeilda í færanlegum stofum. Hér má sjá sundurliðun þeirra framkvæmda sem áætlunin tekur til.

Kirkjusandur	400.000.000	2021	Nýr leikskóli
Miðborg	750.000.000	2021-2022	Nýr leikskóli
Vogabyggð	780.000.000	2021-2022	Nýr leikskóli
Skerjafjörður	780.000.000	2022-2023	Nýr leikskóli
Samtals	2.710.000.000		
Reynisholt	80.000.000	2020	Viðbygging
Kvistaborg	200.000.000	2020	Viðbygging
Seljakot	120.000.000	2020	Viðbygging
Hof	450.000.000	2020	Viðbygging
Grafarvogur	500.000.000	2021	Viðbygging
Samtals	1.350.000.000		
Mariuborg	4.000.000	2019	Laus stofa
Jöklaborg	89.000.000	2019	Laus stofa
Hof	45.000.000	2019	Laus stofa
Seljakot	89.000.000	2019	Laus stofa
Kvistaborg	45.000.000	2019	Laus stofa
Samtals	272.000.000		
7 nýjar deildir	85.000.000	2019	Ungbarnadeildir
7 nýjar deildir	100.000.000	2020	Ungbarnadeildir
7 nýjar deildir	100.000.000	2021	Ungbarnadeildir
7 nýjar deildir	100.000.000	2022	Ungbarnadeildir
4 nýjar deildir	60.000.000	2023	Ungbarnadeildir
Samtals	445.000.000		
Ófyrirséð	434.000.000		
Samtals alls	5.211.000.000		

Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun felur í sér áætlun um aukinn rekstrarkostnað vegna fjölgunar barna. Samkvæmt barnafjöldaspá er gert ráð fyrir 700-750 nýjum leikskólaplássum til þess að öll 12 mánaða börn og eldri geti hafið leikskólagöngu. Í október 2018 voru 5.357 börn í leikskólum borgarinnar og gert er ráð fyrir þörf fyrir um 1.072-1.122 pláss til viðbótar. Heildarbarnafjöldi í leikskólum verður því um 6.429-6.479 þegar búið verður að bjóða öllum 12 mánaða börnum og eldri leikskólapláss. Þegar þetta er sett í samhengi eru 5.868 börn í fjárhagsramma en fjármagn vantar fyrir 561-611 börnum sem gera samtals 1,3 – 1,4 milljarð fyrir lok tímabils 2023.

Niðurlag

Hér hafa verið kynntar tillögur stýrihópsins og reifaðar helstu forsendur þeirra og útfærslur. Mikilvægt er að þegar tillögunar hafa verið afgreiddar verði innleiðingu þeirra fylgt fast eftir af sérstökum stýrihópi, sem fylgist grannt með einstökum framkvæmdum, gætir þess að þær rúmist innan fjárhagsramma og bregðist við ófyrirsjáanlegum atvikum sem upp kunna að koma á framkvæmdatímanum.

Heimildir

- Áfangaskýrsla stýrihópsins Brúum bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla. Janúar 2017. Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur
- Endurskoðun, þróun og breytingar á dagforeldraþjónustu Reykjavíkurborgar – skýrsla starfshóps. Maí 2018. Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur.
- Guðrún Alda Harðardóttir. (2014). *Námstækifæri barna í leikskóla. Tækifæri leikskólabarna til þátttöku og áhrifa á leikskólanám sitt*. Reykjavík: Háskóli Íslands, Menntavísindasvið, Reykjavík.
- Hagstofa Íslands <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi/mannfjoldaspa-20172066/>
- Hrönn Pálmadóttir. (2015). *Samfélag í leik: Sjónarhorn ungra leikskólabarna á tengsl, gildi og hlutverk (Communities in play: Young preschool children's perspectives on relationships, values and role)*. University of Iceland, School of Education, Faculty of Education Studies, Reykjavík.
- Hrönn Pálmadóttir og Kristín Gunnarsdóttir. (2016) *Skína smástjörnur*. Skýrsla um þróunarverkefni í fjórum leikskólum. https://www.laugasol.is/images/skina_smastjornur_skyrsla.pdf
- Sigríður Síta Pétursdóttir. (2008). *Umhyggja í leikskóla: Viðhorf og starf leikskólakennara*. Reykjavík: Kennaraháskóli Íslands.
- Sigrún Ósk L. Gunnarsdóttir. (2016). *Markvisst starf í leikskóla með 1 - 3 ára börnum sem felur í sér snemmtæka íhlutun*. Reykjavík: Háskóli Íslands, Menntavísindasvið, Reykjavík.
- Skína smástjörnur – Handbók – svona gerum við.*
<https://www.laugasol.is/images/skinasmastjornur.pdf>

Fylgiskjal



Reykjavíkurborg

R16050104

ERINDISBRÉF

Stýrihópur um að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Hlutverk starfshóps:

Þann 28. maí 2015 skilaði starfshópur Reykjavíkurborgar skýrslu um hvernig brúa mætti bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla. Þá hefur starfshópur um framtíðarstefnu um fæðingarorlofsmál sem settur var af stað af hálfu velferðarráðuneytisins lokið störfum sem og hópur mennta- og menningarráðuneytisins á grunni þingsályktunar um leikskóla að loknu fæðingarorlofi.

Hlutverk stýrihóps um að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla er að gera tillögu að stefnu borgarinnar um næstu skref í verkefninu, taka afstöðu til framsettra valkosta og gera uppbyggingar- og aðgerðaráætlun um hvernig vinna megi að málinu á næstu árum. Stýrihópurinn taki mið af skýrslu starfshóps Reykjavíkurborgar um hvernig brúa mætti bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla, skýrslu starfshóps vegna þingsályktunar um leikskóla að loknu fæðingarorlofi (mmrn 2015), skýrslu um framtíðarstefnu um fæðingarorlofsmál og skýrslu um Innritun barna í grunnskóla oftar en einu sinni á ári.

Stýrihópurinn skipa:

Skúla Helgason (formaður), Ilmur Kristjánsdóttir, Líf Magneudóttur, James Maddison, Jóna Björg Sætran og Kjartan Magnússon.

Starfsmaður:

Hildur Skarphéðinsdóttir, skóla- og frístundasviði. Auk þess vinni fulltrúar skóla- og frístundasviðs og skrifstofu eigna og atvinnuþróunar með hópnunum eftir þörfum.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu.

Starfstímabil:

Niðurstöður stýrihópsins verði lagðar fyrir borgarráð fyrir lok desember 2016.

Reykjavík, 24. maí 2016

Dagur B. Eggertsson